

Finna styrk með hlýðni

THOMAS S. MONSON FORSETI

Í heimi okkar í dag er áherslan á æskuna. Allir vilja líta út fyrir að vera ungir, finnast þeir vera ungir og vera ungir. Sannarlega er gífurlega miklum peningum eytt á ári hverju í vörur sem fólk vonast til að muni endurreisa unglegt útlit. Við getum spurt okkur sjálf: „Er leitinn að ungdómi ný fyrir okkar daga, okkar kynslóð?“ Við þurfum að flétta í blaðsíðum sögunnar til að finna svör okkar.

Fyrir mörgum öldum á tímum landkönnuða þá voru leiðangrar undirbúnir og skip sem innihéldu sjálfsöruggar og ævintýragjarnar áhafnir sigldu af stað á ókönnuð höf í leit að bókstaflegri uppsprettu æsku. Goðsögn þess tíma lofaði að einhvers staðar „úti í hinum stóra heimi“ væri töfra uppspretta sem innihélt tærasta vatnið á jörðu og það eina sem manneskja þyrfti að gera til að öðlast þrótt æskunnar og varðveita þennan kraft var að drekka djúpt af vatninu sem streymdi frá þessari uppsprettu.

Ponce de León, sem sigldi með Kólumbus, fór í aðra könnunarleiðangra, leitandi á Bahamaeyjum og á öðrum stöðum í Karabíska hafinu í fullri trú að goðsögnina um gullgerð-æfni æskunnar væri hægt að finna. Tilraunir

hans, eins og margra annarra, uppskar engan slíkan fund því að í himneskri áætlun Guðs okkar þá förum við inn í dauðlega tilvist til að upplifa einungis einu sinni æskuna.


Uppspretta sannleika

Þótt það séu engar uppsprettur æsku sem við getum á viturlegan hátt leitað þá er til önnur uppspretta sem inniheldur verðmætari vatn, jafnvel vatn eilífs lífs. Þetta er uppspretta sannleika.

Skáldið fangaði raunverulega þýðingu leitarinnar að sannleikanum þegar hann skrifaði þessar ódauðlegu línur:

*Já, segðu oss frá því hvað sannleikur er
Hann er hjálpræði' á himni og jörð.
Í hafinu glitrandi birtuna ber,
og í blikandi stjörnunum himininn fer,
Þar leiðin er göfugust gjörð. . . .
Þá segðu oss frá því hvað sannleikur er.*

*Hann er reynslunnar eilífa afl.
Þó heimurinn farist og hvað sem að ber,
Sjá, þá hindrar ei sannleikann
eyðingarher
hann vinnur hið tvísýna tafl.¹*



Í opinberun gefinni með spámanninum Joseph Smith í Kirtland, Ohio í maí 1833 lýsir Drottinn yfir:

„Og sannleikurinn er þekking á hlutum eins og þeir eru, eins og þeir voru og eins og þeir munu verða; . . .

Andi sannleikans er frá Guði. . . . Hann [Jesús] tók á móti fyllingu sannleikans . . .;

Og enginn maður tekur á móti fyllingu, nema hann haldi boðorð hans.

Sá, sem heldur boðorð hans, tekur á móti sannleika og ljósi, þar til hann er dýrðlegur gjörður í sannleika og veit alla hluti.“²

Það er engin þörf fyrir mig né til þig á þessum upplýstu tímum þegar fagnaðareringið hefur verið endur-reist að sigla á ókönnuðum höfum eða ferðast ómerkta vegi í leit að uppsprettu sannleika. Því elskuríkur himneskur faðir hefur skipulagt leið okkar og veitt óbrigðult landakort – *hlýðni!*

Opinberað orð hans lýsir greinilega þeim blessunum sem hlýðni færir og óumflýjanlegt hugarangur og örvæntingu sem fylgir ferðalangnum sem fer hjáleidir meðfram bönnuðum gangstígum syndar og villu. Til kynslóðar sem var gegsýrd af dýrafórnum lýsti Samúel umbúðalaust yfir: „Hlýðni er betri en fórn, gaumgæfni betri en feiti hrútanna.“³

Spámenn, fornir og nýjir, hafa vitað af styrkleikanum sem kemur með hlýðni. Hugsid um Nefí: „Ég mun fara og gjöra það, sem Drottinn hefur boðið.“⁴ Eða orð fallega lýsingu Mormóns á styrknum sem synir Mósía bjuggu yfir:

„Þeir höfðu styrkst í þekkingu sinni á sannleikanum, því að þeir voru menn gæddir heilbrigðum skilningi og höfðu kynnt sér ritningarnar af kostgæfni til þess að öðlast þekkingu á orði Guðs.

En þetta var ekki allt, þeir höfðu beðið mikið og fastað, og höfðu þar af leiðandi anda spádóms og anda opinberunar, og þegar þeir kenndu, þá kenndu þeir með krafti og valdi Guðs.“⁵

Haldið boðorðin

David O. McKay forseti (1873–1970) gaf okkur leiðbeiningu fyrir okkar tíma, mjög einfalda en samt mjög kraftmikla, í einni af opnunarræðum hans til meðlima kirkjunnar á Aðalráðstefnu: „Lútið vilja Guðs, haldið boðorðin.“⁶

Slíkur var kjarni skilaboðs frelsara okkar þegar hann lýsti yfir: „Því að allir þeir sem æskja blessunar af minni

hendi skulu halda það lögmál, sem sú blessun er bundin, ásamt skilyrðum þess, eins og ákveðið var áður en heimurinn var grundvallaður.“⁷

Sjálfar gjörðir meistarans gefa orðum hans gildi. Hann sýndi ósvikna ást Guðs með því að lifa fullkomnu lífi, með því að heiðra sitt heilagt verkefni. Aldrei var hann drambsamur. Aldrei var hann rogginn af stolti. Aldrei var hann ótrúur. Ætíð var hann auðmjúkur. Ætíð var hann einlægur. Ætíð var hann sannur.

Þótt honum hafi verið freistað af blekkingameistar- anum, jafnvel djöflinum; þótt hann hafi verið líkamlega veikburða frá því að hafa fastað í 40 daga og 40 nætur og „var þá orðinn hungraður“ samt þegar hinn illi gaf Jesú alls kyns heillandi og freistandi tilboð þá gaf hann okkur himneskt fordæmi um hlýðni með því að neita að víkja frá því sem hann vissi að væri rétt.⁸

Þegar hann stóð andspænis kvölinni í Getsemane, þar sem hann þoldi slíka þjáningu að sviti hans var sem blóðdropar er féllu til jarðar, þá sýndi hann fordæmi hlýðins sonar með því að segja: „Faðir, ef þú vilt, þá tak þennan kaleik frá mér! En verði þó ekki minn heldur þinn vilji.“⁹

Við Pétur í Galíleu sagði Jesú: „Fylg þú mér.“ Filippus fékk sömu leiðbeiningu: „Fylg þú mér.“ Og til Levís, sem sat við tollbúðina, kom ákallandi kall: „Fylg þú mér.“ Jafnvel til þess sem kom hlaupandi á eftir honum, manns sem átti miklar eignir, komu orðin: „Fylg þú mér.“¹⁰ Og til mín og þín segir þessi sami Jesús með sömu rödd: „Fylg þú mér.“ Erum við fús til að hlýða?

Hlýðni er aðalsmerki spámanna en ljóst ætti að vera að þessi uppspretta styrks er okkur aðgengileg í dag.

Nú tíma fordæmi

Einn sem hafði lært lexíur hlýðni, sem hafði fundið uppsprettu sannleika var góður og einlægur maður sem kom frá auðmjúkum aðstæðum og fjárhag. Hann hafði gengið í kirkjuna í Evrópu og, með því að spara af kostgæfni og fórna, hafði flust til Norður-Ameríku – til nýs lands, einkennilegs tungumáls, frábrugðinna siðvenja en hinnar sömu kirkju með sömu leiðtoga af sama Drottini sem hann treysti og hlýddi. Hann varð greinarforsetinn yfir litlum hópi af hinum heilögu sem áttu í basli í eins konar óvinveittri borg. Hann fylgdi áætlun kirkjunnar eftir þótt meðlimir væru fáir og verkefnið mörg. Hann setti fordæmi fyrir greinar meðlimi sína sem var

sannarlega kristilegt og þeir svöruðu með kærleik sem aldrei fyrr.

Hann vann sér inn viðurværi með höndum sínum sem iðnaðarmaður. Fjármagn hans var takmarkað en hann borgaði ætíð fulla tíund og gaf meira. Hann stofnaði trúboðssjóð í litlu greininni sinni og mánuðum saman var hann sá eini sem lagði fé til sjóðsins. Þegar það voru trúboðar í borg hans þá gaf hann þeim að borða og þeir yfirgáfu aldrei heimili hans án áþreifanlegs framlags til vinnu sinnar og velferðar. Meðlimir kirkjunnar sem komu langt að og voru á ferðalagi í borg hans og heimsóttu grein hans fengu ætíð höfðinglegar viðtökur og fundu fyrir hlýju anda hans og héldu áfram leið sinni vitandi að þeir höfðu hitt óvenjulegan mann, einn af hlýðnu þjónum Drottins.

Þeir sem voru í forsæti yfir honum fengu djúpa virðingu og sérstaka umsjón hans. Fyrir honum voru þeir sendiboðar Drottins, hann þjónaði líkamlegum þægindum þeirra og var sérstaklega umhyggjusamur í bænnum sínum – sem voru tíðar – gagnvart velferð þeirra. Einn hvíldardaginn tóku nokkir leiðtogar, sem voru að heimsækja grein hans, þátt með honum í engu færri en tylft bæna á mismunandi fundum og heimsóknnum meðlima. Leiðtogarnir skildu við hann í lok dags með gleði tilfinningu og andlegri lyftingu sem hélt þeim kátum á fjögurra tíma ferðalagi þeirra í vetrarveðri og sem nú, mörgum árum síðar, hlýjar andann og örvar hjartað þegar dagurinn er rifjaður upp.

Lærðir menn, reyndir menn leituðu uppi þennan auðmjúka ómenntaða mann Guðs og töldu sjálfa sig vera heppna ef þeir gætu varið klukkustund með honum. Útlit hans var venjulegt, enskan hans ekki gallalaus og dálítið erfið skilnings, heimili hans látlaust. Hann átti ekki bíl eða sjónvarp. Hann skrifaði engar bækur eða prédikaði óaðfínanlegar ræður og gerði ekkert sem heimurinn veitir venjulega athygli. Samt sem áður mörðu hinir trúu slóð að hurð hans. Hvers vegna? Vegna þess að þeir óskuðu þess að drekka af

uppsprettu sannleika hans. Þeir kunnu að meta það sem hann gerði, ekki endilega það sem hann sagði, ekki innihald ræðnanna sem hann predikaði heldur styrk lífsins sem hann lifði.

Að vita að fátækur maður gaf mótsagnarlaust og glaðlega að minnsta kosti tvisvar sinnum tíund til Drottins veitir manni skýrari innsýn í sanna merkingu tíundar. Að sjá hann þjóna hinum hungruðu og hýsa ókunnuga lét mann vita að hann gerði þetta rétt eins og hann myndi gera fyrir meistarann. Að biðja með honum og meðtaka af trausti hans á himneska meðalgöngu var að upplifa nýjan samskiptamiðil.

Vel gæti verið sagt að hann hafi haldið æðsta og fremsta boðorðið og annað sem er hliðstætt þessu,¹¹ að brjóst hans hafi verið uppfullt af kærleika gagnvart öllum mönnum, að dyggðir hafi prýtt linnulaust hugsanir hans og þar af leiðandi hafi traust hans vaxið og styrkst í návist Guðs.¹²

Þessi maður hafði ljóma góðmennsku og útgeislun réttlætis. Styrkur hans kom frá hlýðni.

Styrkurinn sem við einlæglega leitumst eftir í dag til að takast á við áksoranir flókins og breytilegs heims getur verið okkar þegar við, með þolgæði og einbeitni, stöndum og lýsum yfir með Jósúa: „En ég og mínir ættmenn munum þjóna Drottni.“¹³

HEIMILDIR

1. John Jaques, „Ó, segðu oss frá því hvað sannleikur er“ *Sálmar*; nr. 105.
2. K&S 93:24, 26–28.
3. 1 Sam 15:22.
4. 1 Ne 3:7.
5. Alma 17:2–3.
6. David O. McKay, í Conference Report, apr. 1957, 8; eða *Improvement Era*, júní 1957, 391.
7. K&S 132:5.
8. Sjá Matt 4:1–11.
9. Lúk 22:42.
10. Matt 4:19; 9:9; Jóh 1:43; sjá einnig Matt 19:16–22; Mark 2:14; Lúkas 18:18–22.
11. Sjá Matt 22:37–40.
12. Sjá K&S 121:45.
13. Jósúa 24:15.

HUGMYNDIR FYRIR HEIMILISKENNARA

Þegar þið hafið í bænaránda numið þennan boðskap, skuluð þið miðla honum þannig að hann hvetji til þátttöku þeirra sem þið kennið. Eftirfarandi eru nokkur dæmi:

1. Hugleiðið að koma með ílát með vatni í til að nota sem nýsigagn. Deilið sögunni um Ponce de León og útskýrið að „til er önnur uppspretta sem inniheldur verðmætari vatn, jafnvel vatn eilífs lífs. Þetta er uppspretta sannleika.“ Ræðið við fjölskylduna hvar og hvernig finni eigi sannleika og það sem Monson forseti segir að við þurfum að gera til að ná til „uppsprettu sannleika.“ Deilið vitnisburði ykkar um það hvernig hlýðni hefur blessað líf ykkar.

2. Lesið hlutann um „Haldið boðorðin“ og ræðið spurningu Monsons forseta „Erum við fús að hlýða?“ Deilið sögunni í lokin á greininni um auðmjúka manninn. Hvernig blessaði hlýðni hans og fúsleiki við að fylgja frelsaranum aðra? Þjóðið fjölskyldunni að íhuga og gera þá hluti sem sýna að þau eru fús að þjóna Drottni.0.